

Fundur um íþróttamannvirki 17. janúar 2023

Fundarstjóri: Sigurjón Andrússon

Fundarritari: Þórgunnur Torfadóttir

Í pallborði auk þeirra; Brynja Dögg Ingólfssdóttir, Björn Þór Imsland, Gunnar Ingi Valgeirsson, Gunnar Borgarsson (á teams)

Gestir fundarins: Emil Morávek, Þóra Björg Gísladóttir, Gunnhildur Imsland, Róslín Alma Valdemarsdóttir, Guðrún Stefánía Vopnfjörð Ingólfssdóttir, Steindór Sigurjónsson, Margrét Kristinsdóttir, Kristín Gestsdóttir, Sigurborg Jóna Björnsdóttir, Hulda Björg Sigurðardóttir, Kolbrún Björnsdóttir, Erlendur Rafnkelsson, Gauti Árnason, Eyrún Fríða Árnadóttir, Ásgerður K. Gylfadóttir, Gunnar Örn Reynisson, Guðbjörg Guðlaugsdóttir, Jóhanna Björg, Ernesto Barbosa, Elías Tjörvi Halldórsson, Bryndís Bjarnarson, Gunnlaugur Róbertsson, Óli Flóvent, Guðrún Ása Jóhannsdóttir, Ingólfur Reynisson, Selma Ívarsdóttir, Finnur Smári Torfason, Stefán Birgir Bjarnason, Birta Sigbjörnsdóttir, Skúli Ingibergur Þórarinsson, Jóhann Bergur Kisel, Sigurður Jónsson, Fjóla Ingólfssdóttir, Sigríður Þorvarðardóttir, Vesko.

Fundarboð sent í tölvupósti um miðjan desember: *Eins og þið kannski vitið þá var nýlega ákveðið að fara aftur í þarfagreiningu vegna íþróttamannvirki í sveitarfélaginu, en í þetta skiptið að nálgast vinnuna með aðeins öðrum hætti en áður. Við byrjuðum á því að fá arkitekt til að móta hugmyndir úr fyrri þarfagreiningum. Hann hefur nú skilað okkur forhönnun að íþróttahúsi og við höfum farið í gegnum hvernig staðsetning og samnýting þess við framtíðarhugmyndir um nýtt gervigras og Bárúna fara saman.*

Nú bjóðum við þér til fundar og samtals um þessar hugmyndir. Fundurinn verður í Nýheimum þriðjudaginn 17. janúar frá kl. 16:00-17:30. Þar ætlum við að kynna hugmyndirnar og ræða saman um stöðuna. Það vantar inn netföng hjá

Í framhaldinu verður svo boðað til annars fundar u.þ.b. viku síðar. Þá verður fólk búið að fá tíma til að melta hugmyndirnar og ræða við sitt bakland og er væntanlega betur undir það búið að koma með ábendingar og athugasemdir. Þær hugmyndir sem kynntar verða á fyrri fundinum eru alls ekki endanlegar, heldur fyrst og fremst hugsaðar til að hafa eitthvað áþreifanlegt til að tala um.

Með því að fara þessa leið er verið að freista þess að ná sameiginlegum skilningi á því hver staðan er og hvert við viljum stefna og höfum bolmagn í sem sveitarfélag.

Að loknum þessum fundum bindum við vonir við hafa í höndunum nýja framtíðarsýn um hönnun íþróttamannvirki hér á Höfn ásamt grófum kostnaðaráætlunum. Í framhaldi af því, yrði svo boðað til íbúafundir og í kjölfarið ætti bæjarstjórn að vera komin með gögn í hendurnar sem auðvelda ákvörðun um forgangsröðun framkvæmda.

Fundargerð

- Setning, fundurinn átti að vera í Nýheimum en vegna tækniörðugleika var hann fluttur yfir í Ráðhús þar sem fólk kom sér fyrir þó þröngt væri á þingi. Þar bauð Sigurjón fólk velkomið og reifaði tilurð fundarins og markmiðið með honum.
- Farið yfir gögn – forsendur fyrir tillögu 1 og svo tillögu 1 frá 9. des. Rennt yfir hugmyndirnar og hvernig þær hefðu breyst við hverja nýja teikningu sem kom. Til að mynda var húsið fyrst sett á miðjan æfingavöllin en þá var ákveðið að láta ekki stúkuna ráða hvar húsið væri. Sigurjón ræddi um gervigrasið, það þyrfti að koma á undan stúku og fór vítt og breytt um sviðið. Vatnajökulsþjóðgarð og skipulag almennt, Sporthöllina, Crossfit, nýja miðbæinn, lágvöruverslun á móti Mjólkurstöðinni og fleira. Þrátt fyrir að þetta virtist mikið þá væru hlutirnir að falla með okkur. Í nýjustu hugmyndinni kom hugmynd um að minnka íþróttahúsið og fimleikarnir yrðu í gamla íþróttahúsinu. Fram kom að vegagerðarhúsið er á hluta af skipulagssvæðinu sem við erum að ræða um en ekki hefur enn verið gengið frá samningum við Vegagerðina og öðru skipulagi s.s. hugsanlegum breytingum á Víkurbrautinni er ólokið. Að lokum kom hann inn á hreystibraut sem stendur til að reisa á miðsvæðinu. Nú er verið að birta öll gögn og opna á samráð. Fundargestir eru beðnir um að fara heim með þessar hugmyndir og koma á fundinn í næstu viku með sínar ábendingar. Það er mikilvægt að fá hugmyndir sem flestra.
- Spurningar og umræður.**
 - Hvað er í íþróttahúsinu, hvað með fimeikana? Í fyrstu tillögu var miðað við að fimleikar væru í 1/3 hluta salarins en með því að minnka það er verið að henda þeim út.

- b. Ábending frá fimleikum. Ef fimleikarnir færu í íþróttahúsið þá er það ekki nægilega stórt og upphækkanleg gryfja er ekki fyrir eldri iðkendum.
 - c. Ef síðasta tillagan væri notuð þarf þá starfsmenn á þremur stöðum?
 - d. Er eitthvað meira en bara stúka? Já hægt að hafa geymslur undir.
 - e. Tartanbrautin – fer hún ef sett verður gervigras? Nei en væntanlega þarf að endurnýja hana.
 - f. Er verið að tala um að fara með skólann undir eitt þak? Já
 - g. Nýja húsið, yrði það undir skólaíþróttirnar – já erfitt að færa fimleikaáhöld.
 - h. Er ekki áætlað lítið svæði undir skólann? Hversu stórt svæði er verið að áætla?
 - i. ER hægt að fá netfang til að setja hugmyndir inn á? Fólk hvatt til að koma með hugmyndir – hægt að senda á netfangið thorgunnur@hornafjordur.is eða á fundinum í næstu viku.
 - j. Næsti fundur kl. 16:00 þriðjudaginn 24. janúar í Nýheimum.
4. **Aðsendar ábendingar.**
- a. Ábending kom frá rafíþróttadeildinni þar sem óskað var eftir því að gert yrði ráð fyrir starfsemi hennar í uppbyggingu íþróttahúss, þar væru nú 40 iðkendum.